

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti (ANR)
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Selfossi, 23. mars 2021
Tilvísun: 2103160

Efni: Umsögn Matvælastofnunar um (3.) breytingu á reglugerð nr. 1294/2014, um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda

Gerð er tillaga að breytingu á 6.gr. reglugerðar nr.1294/2014 sem innleiðir reglugerð ESB nr. 1169/2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, hér eftir „upplýsingareglugerðin“. Með breytingunni verður matvælafyrirtækjum heimilt að velja einn af þremur valkostum við að setja fram upplýsingar um matvæli, þ.m.t. upplýsingar sem er lögboðið að veita sbr. 9. og 10. gr. upplýsingareglugerðarinnar;

- a) á umbúðunum sjálfum
- b) á merkimiða sem festur er á umbúðirnar eða
- c) með tæknilausnum sem tryggja að lögboðnar matvælaupplýsingar séu tiltækar og auðveldlega aðgengilegar.

I. Útvíkkun á kröfum innleiddrar ESB löggjafar

Valkosturinn að setja fram lögboðnar upplýsingar með tæknilausnum er breyting á núgildandi reglum og ekki eru dæmi um að slíkt sé heimilað á EES svæðinu.

Í 9. og 10. gr. upplýsingareglugerðarinnar eru, eins og fyrr segir, taldar upp þær upplýsingar sem lögboðið er að veita um matvæli. Þar á meðal eru upplýsingar sem varða öryggi matvæla s.s. upplýsingar um ofnæmis- og óþolsvalda, um geymsluskilyrði og geymsluþol og upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að auðkenna matvælin.

Í 2. tl. 12.gr. upplýsingareglugerðarinnar kemur fram hvernig beri að setja fram lögboðnar upplýsingar um matvæli **sem eru forpökkuð** og samkvæmt ákvæðinu skulu þær upplýsingar vera annað hvort á umbúðunum sjálfum eða á merkimið sem festur er á umbúðirnar. Reglugerðin gerir ekki ráð fyrir landsákvæðum ríkja Evrópusambandsins eða EES ríkja um framsetningu þessara upplýsinga, ólíkt því sem gildir fyrir matvæli sem ekki eru forpökkuð en í 44. gr. reglugerðarinnar kemur fram að aðildarríkin geti sjálf ákveðið með hvaða hætti skuli setja fram lögboðnar upplýsingar um matvæli sem **ekki eru forpökkuð**. Það ákvæði hefur Ísland nýtt sér, allt frá því að reglugerðin var innleidd, sbr. 6. gr. reglugerðar 1294/2014.

Í 3.og 4. tl. 12. gr. upplýsingareglugerðarinnar er fjallað um að Framkvæmdastjórn ESB geti sett sérstakar reglugerðir um það með hvaða öðrum hætti (annað en á merkimiða eða umbúðum) væri leyfilegt að setja fram **tilteknar** lögboðnar upplýsingar. Slíkar reglugerðir hafa ekki verið settar. Þá kemur fram að slíkt verði einungis gert að með tilliti til sannana á því að neytendur hafi sama skilning á aðferðunum og að notkun aðferðanna sé víðtæk. Einnig að þetta skuli þá gert í samræmi við rannsóknarmálsmeðferð (sem getið er í 48. gr.). Reglugerðin gerir því ráð fyrir að ef slíkar lausnir verða leyfilegar til að setja fram lögboðnar upplýsingar þá yrði það ekki fyrir allar lögboðnar upplýsingar heldur einhverjar tilteknar.

Það er álit Matvælastofnunar að ekki séu heimildir skv. upplýsingareglugerðinni til að útvíkka leyfilega framsetningu lögboðinna upplýsinga eins og framangreind tillaga gerir ráð fyrir. Telja verður því að tillagan sé í andstöðu við sameiginlegar reglur sem gilda um merkingar matvæla á Evrópska efnahagssvæðinu og séu því í andstöðu EES-samninginn. Matvæli sem merkt verða í samræmi við tillöguna uppfylla ekki kröfur skv. upplýsingareglugerðinni og ekki verður hægt að markaðssetja slíkt matvæli í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

II. Neytendavernd

Í 3. gr. upplýsingareglugerðarinnar er fjallað um almenn markmið reglugerðarinnar og kemur þar m.a. fram að miðlun matvælaupplýsinga skuli miðast við að ná fram háu verndarstigi fyrir heilbrigði og hagsmuni neytenda með því að vera grunnur að upplýstri ákvarðanatöku og öruggri notkun neytenda á matvælum. Í 2. tl. 7.gr. segir að matvælaupplýsingar skulu vera nákvæmar, skýrar og auðskiljanlegar fyrir neytendur og 12. gr. kemur fram að lögboðnar matvælaupplýsingar fyrir öll matvæli skulu vera tiltækar og auðveldlega aðgengilegar. Þá kemur fram í 13.gr. reglugerðarinnar að lögboðnar upplýsingar skulu settar á áberandi stað og þannig að þær séu auðsjáanlegar, auðlæsilegar og þegar við á óafmáanlegar og ekki skuli á nokkurn hátt fela þær, skyggja á þær, draga úr þeim eða raska með neinu öðrum skriflegu eða myndrænu efni eða öðru truflandi efni.

Það er álit Matvælastofnunar að með þeirri breytingu sem lögð er til sé verið að draga úr aðgengi neytenda að lögboðnum upplýsingum og minnka þannig neytendavernd, þvert á það sem upplýsingareglugerð hefur að markmiði. Jafnvel þó tæknilausnir virki í verslunum myndi breytingin einnig kalla á að neytendur þurfi öllum stundum að hafa aðgang að rafrænum lausnum til að nálgast upplýsingar sem gildandi löggjöf veitir þeim rétt á, einnig þegar heim er komið, þegar þeir fá matvæli afhent frá þriðja aðila o.s.frv. Það er því ekki hægt að tryggja að með slíkum lausnum séu upplýsingarnar öllum stundum auðveldlega aðgengilegar eins og reglugerðin gerir ráð fyrir. Það skal áréttað að í mörgum tilfellum getur verið um að ræða upplýsingar sem varða öryggi neytenda beint. Til viðbótar gæti skortur á öllum upplýsingum, beint á umbúðum vöru eða merkimiða torvelaðu auðkenningu á vörum þegar grípa þarf til innköllunar vöru af markaði af einhverjum ástæðum.

Vissulega má sjá fyrir sér hægt sé að veita upplýsingar, sem ekki eru lögboðnar, með rafrænum lausnum. Jafnvel má sjá fyrir sér að heimilt verði að veita einhvern hluta lögboðinna upplýsinga með slíkum lausnum en seint verður séð að það geti talist fullnægjandi fyrir allar upplýsingar þ.m.t. upplýsingar sem varða öryggi matvælna og upplýsingar sem nauðsynlegar eru þegar þarf að auðkenna vörur.

Virðingarfyllst,
f.h. Matvælastofnunar


Katrín Guðjónsdóttir